

99

8. júní

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar,
nr. 25 12. apríl 1933.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Gjaldlagi á vatnsskatti skal vera 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verði 13. gr. og orðist svo:
Meðan vísitalan er hærri en 130 skal innheimta allar tekjur vatnsveitunnar með dýrtíðarálagi, er nemi 1% fyrir hvert stig, sem vísitalan er yfir 100.
Skatturinn á hverja einstaka húseign má þó ekki fara fram úr 6% miðað við fasteignamatsverð hennar.

3. gr.

Með auglýsingu þessari er úr gildi fallin auglýsing nr. 84 12. apríl 1943, um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar, nr. 25 12. apríl 1933.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1946.

Emil Jónsson.

Vigfús Einarsson.

100

REIKNINGUR

Styrktarsjóðs hjónanna Ingibjargar Ísleifsdóttur og Ólafs Finsen héraðslæknis,
Akranesi, fyrir árið 1945.

T e k j u r :

1. Sjóður í ársbyrjun:	
Inneign í Aðaldeild söfnunarsjóðs nr. 589	kr. 5043.42
2. Vextir 1944, innfærðir á árinu	— 235.65
3. Gjafir á árinu	— 520.00
	Kr. 5799.07

G j ö l d :

1. Styrkur veittur Guðrúnu Gísladóttur ljósmóður, Akranesi	kr. 320.00
2. Sjóður í árslok	— 5479.07
	Kr. 5799.07

Akranesi, 23. janúar 1946.

Ólafur Finsen. Árni Árnason. Þuríður Guðnadóttir. Þorsteinn Briem.